

Fundur Ráðgjafaráðs

Dagsetning: 7.febrúar 2019

Fundartími: Kl. 15:30-16:30

Staðsetning: Fjölskylduþjónustan Strandgötu 6.

Fundarritun: Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir

Mættir: Jóna, Embla, Elísabet, Kristjana, Sóley, Þórarinn, Elín Ýr.

Fundargestur: Rannveig

Dagskrá fundarins:

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar sem var haldin 10.janúar 2018 og var hún samþykkt

Sóley fór yfir svör við fyrirspurnum sem lagðar höfðu verið fyrir:

1. 5 ára átak í aðgengismálum, gera ráð fyrir kr. 10.000.000.- á ári næstu 5 árin til að bæta aðgengi. Framkvæmda- og skipulagsnefnd hefur ákv.að ráðstafa 5 milljónum á ári. Helga frá framkvæmdasviði kemur á næsta fund framkvæmdaráðs.
2. Elísabet les yfir þá þættir sem hún fékk frá foreldrum unga barna varðandi þjónustu sem að foreldrum finnst mega fara betur (Sjá fylgiskjal).
3. Rætt um leiðir til þess að vekja athygli á ráðgjafaráði og að gera það aðgengilegra öðrum Rannveig ætlar að koma áfram hugmyndum um slíkar leiðir og kanna möguleika. Rannveig og Sóley ætla að láta athuga heimasíðuna vegna athugasemda sem bárust vegna hennar um gamlar upplýsingar.
4. Rannveig kom og sagði frá stöðunni á Akstursþjónustu Strætó. Umræða er að halda áfram sameiginlegri þjónustu en Hafnarfjörður er eina sveitarfélagið sem á eftir að taka ákvörðun þar um. Auglýst verður eftir nýju útboði. Fjallað verður um þjónustuna á fundi fjölskylduráðs föstudaginn þann 15.febrúar nk.
5. Upplýsingaflæði innan og utan ráðs - Ákveðið að fundarboð verði gert með tölvupósti og almennar umræður eiga sér stað á facebook vettvang ráðsins.

Næsti fundur verður 7.mars 2019 kl. 15:30-16:30 á Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.